

Nr. 124 / 13 Falado von Rhodos**Leki og sekkur, mannbjörg**

MMSI 211289060 IMO nr. 0
Smíðaður: Rhodos Grikklandi 1968, eik
Fánaríki: Þýskaland
Kallmerki DJKA
Stærð: 25,4 brl.
Mesta lengd: 23 m Skráð lengd: 15,79 m
Breidd: 4,83 m Djúprista: 2,6 m
Vél: MTU 147 kW
Segl búnaður: 2 möstur, 210 m² segl
Fjöldi skipverja: 12



Falado von Rhodos ©Vísir.is

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfredsóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. ágúst 2013 var seglskipið Falado von Rhodos (kallmerki DJKA) á siglingu vestur af Garðskaga. Veður: A 5-6 m/s og ölduhæð 1,7-1,8 m á Garðskagadufli.

Skipið fór frá Rifi um kl. 10 um morguninn og áætluð koma til Keflavíkur þann 10. ágúst. Kl. 23:21 þegar skipið var stutt u.þ.b. 17 sml. vestur af Garðskaga var sent út neyðarkall vegna leka um borð sem kom upp um kl. 23 og dælur réðu ekki við.

VSS bað nærstödd skip um að koma skipinu til aðstoðar en jafnframt voru ræst út björgunarskip og þyrta. Hrafn Sveinbjarnarson GK 222 kom fyrstur til aðstoðar og skömmu síðar þyrta en ekki tókst að koma dælubúnaði um borð.

Kl. 02:16 hafði áhöfninni á björgunarskipinu Einari Sigurjónssyni tekist að koma dælu og mannskap um borð. Nokkrir af skipverjum Falado von Rhodos voru þá teknir um borð í björgunarskipið. Falado von Rhodos var tekinn í tog kl. 03:53 en fljótlega var ljóst að ekki yrði ráðið við lekann og var ákveðið að yfirgefa skipið.

Kl. 05:02 þegar skipin voru stödd á 64°04N og 023°05V var klippt á taugina í Falado von Rhodos og skipið sökk síðan á þeim slóðum. Áhöfnin var flutt til Sandgerðis þar sem hún fékk aðhlynningu.

Við rannsókn kom fram:

Atvikið var rannsakað hjá fánaríki skipsins þ.e.a.s. í Þýskalandi af Federal Bureau of Maritime Casualty Investigation (BSU) með aðstoð RNSA við gagnaöflun.